Tillaga að stefnu Félagsvísindasviðs í stjórnsýslu, rekstri og þjónustu lögð fyrir þing Félagsvísindasviðs 21.3.2014

Félagsvísindasvið leggur áherslu á að hlúa að góðu starfsumhverfi og styðja við rannsóknir og kennslu með skilvirku og gagnsæju stjórnkerfi, góðri þjónustu og öflugu gæðakerfi. Efla skal samstarf á sviði rannsókna og kennslu við innlenda sem erlenda aðila og tryggja að styrkur sviðsins og deilda þess sé skýr og þekktur.

Við stjórnun Félagsvísindasviðs verði lögð áhersla á frumkvæði og faglegt sjálfstæði deilda. Stjórnsýsla sé skilvirk og gagnsæ sem fer saman við lýðræðislega stefnumótun. Daglegur rekstur miði að því að veita góða þjónustu þar sem hlúð er að starfsfólki og nemendum. Sérstök áhersla verður lögð á faglegar ráðningar, móttöku nýliða, starfsþróun, vinnuvernd og góða vinnuaðstöðu. Hvatt verður til framtakssemi, samvinnu og jákvæðs starfsanda.

Í tengslum við ytra umhverfi er hlutverk Félagsvísindasviðs að vera þekkingarveita til samfélagsins á sviði félagsvísinda með því m.a. að kynna rannsóknir og störf háskólakennara. Félagsvísindasvið leggur áherslu á samstarf við innlenda og erlenda háskóla og góð samskipti við ríkisvald og hagsmunaaðila, m.a. með kynningarstarf, fjármagnsöflun og öfluga hagsmunagæslu að leiðarljósi. Sviðið kynnir rækilega framlag sitt til íslensks samfélags og menningar, til rannsókna á íslensku samfélagi og tengsl sín við alþjóðlegt vísinda- og fræðasamfélag auk þess sem það sinnir öflugri kynningu til verðandi nemenda.

Í þessu skyni leggur Félagsvísindasvið Háskóla Íslands fram neðangreinda stefnuþætti.

1. Stjórnkerfi og starfsumhverfi

Félagsvísindasvið leitast við að tryggja góð samskipti og óhindrað upplýsingaflæði milli starfsfólks og nemenda. Því mun sviðið upplýsa starfsfólk sem best um stefnu, markmið og árangur þess á hverjum tíma. Skýrar boðleiðir og óhindrað upplýsingaflæði á milli starfsfólks og nemenda styrkja samheldni, eykur ábyrgð og eflir samskipti innan sviðs og deilda. Í þessu skyni mun Félagsvísindasvið leggja áherslu á að:

- Til séu skýrar verklagsreglur og verkferla um helstu þætti starfseminnar.
- Afgreiðsla mála sé vönduð og hröð.
- Upplýsingagjöf til starfsfólks og nemenda sé markviss.
- Stjórnsýsla sviðsins veiti kennurum ábyrga og faglega þjónustu.
- Nemendur mæti kurteisi og hlýju viðmóti í samskiptum við kennara, stjórnsýslu og sín á milli.

2. Mannauður

Félagsvísindasvið leggur áherslu á að starfsandi sé jákvæður og einkennist af sterkri liðsheild. Mikilvægt er að samskipti starfsmanna einkennist af gagnkvæmri virðingu og kurteisi. Sviðið leitast við að vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem aðbúnaður og starfskjör eru samkeppnishæf. Félagsvísindasvið mun því beita sér fyrir:

- Að ráðningar séu faglegar, að tekið sé vel á móti nýju starfsfólki og að það hljóti viðeigandi þjálfun.
- Að samskipti starfsfólks einkennist af gagnkvæmri virðingu og kurteisi.
- Að búa starfsmönnum aðstæður til að samræma kröfur starfs og einkalífs eins og kostur er.

- Að bjóða starfsfólki fjölbreytta möguleika til að viðhalda og efla starfshæfni sína og starfsþróun.
- Að akademískt starfsfólk fái stuðning við að byggja upp rannsókna- og kennsluferil.
- Að þjónusta og stuðningur við stundakennara verði skilgreindur og kynntur þeim.
- Reglubundinni vinnuvernd og úttekt á vinnuaðstöðu starfsfólks.
- Að starfslok verði undirbúin með góðum fyrirvara og bjóði upp á fræðslu og upplýsingagjöf.
- Að starfsfólk miðli sérþekkingu sinni og færni til samstarfsfólks.

3. Markaðs- og samskiptastarf

Félagsvísindasvið leggur áherslu á að miðla upplýsingum til almennings um fjölbreytta starfsemi sína og styrkja þannig ímynd sviðsins og orðspor. Mikilvægt er að samskipti við fjölmiðla séu fagleg, og að upplýsingamiðlun og útgáfa á markaðs-, kynningar- og fréttaefni sé unnin á vandaðan og skilvirkan hátt. Lögð er áhersla á miðlun upplýsinga jafnt á innri sem ytri vef sviðsins, ásamt nýjum samskiptamiðlum. Til að styðja við markaðs- og samskiptastarf mun Félagsvísindasvið:

- Hvetja kennarar til að vera virkir þátttakendur í opinberri umræðu og stuðla að uppbyggingu íslensks samfélags í krafti sérþekkingar sinnar.
- Leggja áherslu á sterk og fjölbreytt tengsl við atvinnulífið og kappkosta að miðla niðurstöðum rannsókna á innlendum og erlendum vettvangi.
- Leggja sig fram um að veita ungu fólki fræðslu og vekja áhuga þess, m.a. með kynningu á fjölbreyttu námi innan sviðsins. Markmiðið er að laða að hæfa nemendur og auka virkni í námi.
- Rækta tengsl við nemendur að loknu námi.
- Beita sér fyrir því að samstarf við fremstu háskóla og háskóladeildir heims verði eflt með skipulegum hætti, m.a. með nemenda- og starfsmannaskiptum.
- Leggja áherslu á að vefur Félagsvísindasviðs sé meginupplýsingagátt fyrir innlenda og erlenda notendur.

4. Fjármál

Félagsvísindasvið leggur kapp á að tryggja góða nýtingu fjármuna og hagkvæmni í rekstri sviðsins, deilda þess og stofnana. Eftirfylgni þarf að vera með fjármálum, samningagerð og upplýsingatæknimálum og tryggt að þessir þættir séu í samræmi við ákvarðanir stjórnenda sviðsins. Unnið verði markvisst að því að starfseiningar og starfsfólk sviðsins hafi góða yfirsýn yfir fjármál sinna viðfangsefna. Félagsvísindasvið sinnir eftirliti og eftirfylgni með fjármálum starfseininga sinna og miðlar fjárhagslegum upplýsingum með reglubundnum hætti. Áhersluþættir Félagsvísindasviðs í fjármálum eru:

- Að ávallt verði leitað hagkvæmni í rekstri.
- Að sviðið leggi sitt af mörkum til þess að fá ríkisframlag hækkað í áföngum uns það verði sambærilegt við framlag til evrópskra viðmiðunarháskóla.
- Að hvetja til endurskoðunar á reiknilíkani hins opinbera og deililíkani Háskóla Íslands með það að markmiði að nemendur sviðsins njóti sambærilegrar þjónustu og nemendur í öðrum greinum.